



Breiðamerkurjökull, þriðji stærsti skriðjökull landsins, fellur niður á Breiðamerkursand milli Veðurárdalsfjalla og Fellsfjalls að austan og Öræfajökuls og Breiðamerkurfjalls að vestan. Urðarranar liggja niður jökulinn frá Esjufjöllum og Mávabyggðum. Fyrir miðri mynd rís Eyjólfsfell upp úr jökli. Lítill jökull skriður niður Svöludal og austan hans rís hæst Þverártindsegg (1554 m), yfir honum miðjum Veðurárdalstindur en fjær Þverártindur. Í bröttum norðausturhlíðum Öræfajökuls sést Þuríðartindur (1741 m, sem landmælingamaðurinn J. P. Koch nefndi eftir húsfreyjunni í Skaftafelli árið 1904), Mikill (1472 m), Fjölsvinnsfjöll (1191 m) og Saumhögg, en hæst ber Hvannadalshnúk (2110 m) og Sveinstind (1900 m). Sunnar eru Staðarfjall, Breiðamerkurfjall og Rákatindur. Á Breiðamerkursandi glampar á Fjallsárlón. – *Breiðamerkurjökull, the third largest outlet glacier in Iceland, flows south, between the active Öræfajökull volcano and the eroded Tertiary Veðurárdalur volcano.* Texti/Text: Helgi Björnsson. Ljós./Photo. Snævarr Guðmundsson, August 16th, 2006.